

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 9. janúar 1992

um kröfur um búnað og innréttingar í afgreiðslu- og hreinsunarstöðvum fyrir lifandi samlokur (tvískelja lindýr) sem veita má undanþágur frá

(92/92/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt annarri undirgrein a-liðar 1. mgr. 5. gr. í tilskipun 91/492/EBE er aðildarríkjum heimilt að veita afgreiðslu- og hreinsunarstöðvum viðbótarfrest, að því er varðar kröfur um búnað og innréttingar sem mælt er fyrir um í IV. kafla viðaukans við framangreinda tilskipun, til að uppfylla þau skilyrði fyrir viðurkenningu, sem er að finna í IV. kafla, að því tilskildu að lifandi samlokur frá þessum starfsstöðvum uppfylli hreinlætiskröfur samkvæmt tilskipun 91/492/EBE.

Framkvæmdastjórninni ber að kveða á um, í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. tilskipunar 91/492/EBE, kröfur sem eru gerðar til búnaðar og innréttinga sem slíkar undanþágur geta gilt um.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Kröfur um búnað og innréttingar sem mælt er fyrir um í IV. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE, sem veita má undanþágur frá, eru tilgreindar í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. janúar 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

**KRÖFUR SEM MÆLT ER FYRIR UM Í IV. KAFLA VIÐAUKANS VIÐ TIL-
SKIPUN 91/492/EBE OG VEITA MÁ UNÐANÞÁGUR FRÁ**

Veita má undanþágur frá eftirfarandi kröfum:

1. Ákvæði a-liðar 1. liðar í I. hluta, að því er varðar smíði bygginga og búnaðar, ásamt b-, c-, d- og e-liðar.
 2. Ákvæði 2. liðar í I. hluta, að því er varðar fjölda búningsherbergja, og 5. liðar.
 3. Ákvæði 6. liðar í II. hluta, að því er varðar aðskilið svæði fyrir úrgang, að því tilskildu að afurðir geti ekki orðið fyrir mengun af úrgangi eða leka frá honum.
 4. Ákvæði 7. liðar í II. hluta, að því tilskildu að afurðir séu varðar fyrir áhrifum sólar og veðrunar og óhreininda-
eða mengunarvöldum.
 5. Ákvæði 1. liðar í III. hluta að því er varðar vatnsflát og halla á botni hreinsunartanka.
-